

## Námsáætlun

Danska – Veturinn 2022 - 2023

10. bekkur - 3 klukkustundir á viku

Kennarar: Rasmus Steenberg Christiansen og Kristín Ýr Lyngdal

Breytingar geti orðið á áætluninni sem við tilkynnum eins fljótt og auðið er.

### Almennt / Verklag

Nám í dönsku miðast við hæfniviðmið Aðalnámskrá Grunnskóla, en þau eru hlustun, frásögn, lesskilningur, ritun, samskipti og menningarläsi. Viðfangsefni eru aðlöguð árgöngum út frá hæfniviðmiðum. Þannig verður stöðug framvinda hæfni frá 8. upp í 10. bekk.

Unnið er jafnt og þétt með viðfangsefni hæfniviðmiðanna yfir önnina og þreyta nemendur margvísleg verkefni sem þjálfra þá hæfni.

Lögð er áhersla á að hafa fjölbreytni í kennsluháttum þar sem tekið er mið af mismunandi námsnálgun og stöðu nemenda. Unnið er jöfnum höndum með meginþætti tungumálsins; lestur, hlustun, talað mál og ritun. Í kennslustundum er unnið með lesbók og vinnubók sem tengist textanum. Auk þess lesa nemendur texta af ýmsum toga. Nemendur eru þjálfaðir reglulega í að hlusta á mælt mál og vinna verkefni sem prófa skilning á málinu. Málfræði verður samþætt lestri og ritun og verður lögð áhersla á upprifjun helstu orðflokka og einkenni þeirra. Fjölbreytt ritunarverkefni fylgja lesbók.

Nemendur kynnast dönsku samfélagi, menningu og siðum með aðstoð kvikmynda og tónlistar.

### Námsefni og námsmat

- Ekko, les- og vinnubók eftir Ásdísi Lovísu Grétarsdóttur og Ernu Jessen.
- Fjölfölduð verkefni í málfræði.
- Danskar kvikmyndir, þættir og tónlist.
- Námsspil og ýmsir leikir.
- Munnlegar æfingar
- Hlustunaræfingar.
- Viðbótarefni frá kennara
- Þemaverkefni, kannanir, ástundun og lykilhæfni

Á haustönn er eru tveir kaflar lesnir, *Skoleliv* og *Fremtidsdrømme*. Nemendur lesa valdar blaðsíður úr köflunum og vinna samsvarandi blaðsíður í vinnubók. Nemendur vinna þemaverkefni, horfa á dönsk bíómynd og danskar þættir ásamt vinna valin verkefni í málfræði. Auk þess skila nemendur ritunarverkefni um efni sem er búið að vinna með.

### Hjálpargögn fyrir nemendur:

Orðabækur á netinu: [www.islex.is](http://www.islex.is)

Réttritunarorðabók: [www.ordnet.dk](http://www.ordnet.dk), [www.sproget.dk](http://www.sproget.dk)

EKKO: [Læsebog](#); [Opgavebog](#); [Lytteøvelser](#)

DR TV: <http://www.dr.dk/tv>

Duolingo: [Duolingo classroom](#)

## Lykilhæfni

Lykilhæfni snertir allt almennt nám og allar námsgreinar þar á meðal námsmat í dönsku. Þannig geta t.d. vönduð vinnubrögð, góð samvinna í hópastarfi og frumkvæði haft áhrif á námsmat nemenda. Hæfniviðmið fyrir lykilhæfni skiptast í fimm flokka:

- Tjáning og miðlun
- Skapandi og gagnrýnin hugsun
- Sjálfstæði og samvinna
- Nýting miðla og upplýsinga
- Ábyrgð og mat á eigin námi

## Yfirferð

Tímabil	Náms- / viðfangsefni	Námsmat	Hæfniviðmið
22. aug – 30. sep	Verkefni unnin úr EKKO ( <b>Skoleliv</b> ) ásamt hlustunaræfingum  Munnlegar æfingar  Efterskoleverkefni  Danskir þættir frá DR og tónlist  Duolingo	Frásögn Menningarlæsi	Frásögn (3.stig): flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi,  Menningarlæsi (3.stig): sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélagið og það sem er efst á baugi hverju sinni,
1. okt – 20. okt.	Danskir þættir frá DR og tónlist  Munnlegar æfingar  Verkefni unnin úr EKKO ( <b>Fremtidsdrømme</b> ) ásamt hlustunaræfingum  Hlustunarverkefni	Hlustun	Hlustun (3.stig) án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr,,

<p>26. okt – 16. dec</p>	<p>Verkefni unnin úr EKKO ásamt hlustunaræfingum</p> <p>Lestrarbók (Den nye lærer) og ritun</p> <p>Danskir þættir frá DR og tónlist</p> <p>Munnlegt haustpróf - spjall</p> <p>Dönsk biomynd</p>	<p>Munnlegt haustpróf</p> <p>Ritun</p> <p>Lesskilningur</p>	<p>Lesskilningur (3.stig) aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu,</p> <p>lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðanir á efni þeirra og lesið og tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim og nýtt í nýju samhengi.</p> <p>Samskipti (3.stig) tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í</p> <p>Ritun (3.stig) skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við,</p>
----------------------------------	---	---	---

Auk þess vinnum við með fjölda hæfniviðmiða sem ekki eru metin daglega eða til einkunnar.

## Lykilhæfni (3. stigs)

Við lok grunnskóla getur nemandi:

<p><b>Hlustun</b> <i>fyrirhafnarlítið tileinkað sér talað mál um margvísleg málefni í kunnuglegum aðstæðum þegar framsetning er áheyrileg,</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, námsog þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt,</li> <li>• án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr,</li> <li>• hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim.</li> </ul>	<p><b>Lesskilningur</b> <i>lesið sér til gagns og ánægju almenna texta af ýmsum toga með nokkuð fjölþættum orðaforða og valið lestraraðferð eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum,</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu,</li> <li>• lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt,</li> <li>• lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér</li> </ul>
---	--

	<p>skoðanir á efni þeirra og lesið og tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim og nýtt í nýju samhengi.</p>
<p><b>Samskipti</b>  <i>sýnt fram á að hann er vel samræðuhæfur um kunnugleg málefni, beitir nokkuð réttu máli, eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi, notar algeng fóst orðasambönd úr daglegu máli og kann að beita viðeigandi kurteisis- og samskiptavenjum, hikorðum og ólíkum aðferðum til að gera sig skiljanlegan og skilja aðra, t.d. með því að umorða,</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í</li> <li>• tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, t.d. miðlað og tekið á móti upplýsingum á ferðalögum, sem gestgjafi eða í netsamskiptum,</li> <li>• tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda.</li> </ul>	<p><b>Frásögn</b>  <i>tjáð sig áheyrilega um málefni sem hann þekkir, beitt tungumálinu af nokkurri nákvæmni hvað varðar reglur um málnotkun, framburð, áherslur, hrynjandi og orðaval,</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum,</li> <li>• flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi,</li> <li>• samið, æft og flutt frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.</li> </ul>
<p><b>Ritun</b>  <i>skrifað lipran samfelldan texta á hnökralitlu máli um efni sem hann hefur þekkingu á, sýnt fram á góð tæk á orðaforða og meginreglum málnotkunar, fylgt hefðum varðandi uppbyggingu og samhengi texta og notað tengiorð við hæfi,</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega og hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum,</li> <li>• skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við,</li> <li>• tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu,</li> <li>• leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflíð njóta sín.</li> </ul>	<p><b>Menningarlæsi</b>  <i>sýnt fram á að hann þekkir vel til mannlífs og menningar á viðkomandi málsvæði og gerir sér vel grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt hans eigin aðstæðum,</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélagið og það sem er efst á baugi hverju sinni,</li> <li>• sýnt fram á að hann kann nokkur deili á fjölbreyttum uppruna þegnanna á viðkomandi málsvæði og gerir sér grein fyrir takmörkunum staðalmynda og áhrifum fordóma,</li> <li>• getur greint á milli helstu afbrigða tungumálsins, t.d. hvað er danska, norska, sænska, færeyska, skoska, ameríska.</li> </ul>

### Námshæfni

sett sér raunhæf markmið, skipulagt nám sitt á markvissan hátt og lagt mat á eigin stöðu og námsframvindu,

- beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við, t.d. nýtt sér samhengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um merkingu orða,
- beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf,
- nýtt sér reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og nota í nýju samhengi,
- unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja,
- nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.

Önnur markmið sem verða höfð til hliðsjónar í allan vetur þvert á námsefnið eru:

### Verkefnaskil

- Ef nemandi sér ekki fram á að geta skilað verkefni á tilsettum tíma skal hann ræða við kennara sinn fyrir settan skiladag og greina frá ástæðum þess.
- Ef nemandi er ekki viðstaddur í námsmati án leyfis, fær hann D í einkunn fyrir það námsmat.
- Ef nemandi er með leyfi á námsmatsdegi, skal hann taka próf þegar hann snýr aftur úr leyfi, nema að um annað sé samið.

### Mat á verkefnum og könnunum sem unnið er með yfir veturinn er leiðsagnarmat

- Vinnubækur.
- Framlag í hópvinnu – Veggmyndir, skýr og snyrtileg framsetning, hugmyndavinna, texti nokkuð rétt skrifaður, orðaforði og málfar gott.
- Kynningar – framsögn, málfar, framburður, orðaforði, glærur eða ritaðir punktar og virk þátttaka allra í hóp.
- Ritunarverkefni – uppbygging og samhengi í texta, orðaforði, málfræði og stafsetning.
- Kannanir/lesskilningspróf.
- Virkni í kennslustundum og í samskiptum á dönsku.

### Námsmat

Nemendur fá einkunnina A-D eða lokið/ólokið fyrir verkefni sem unnin eru á haustönn. Nemendur vinna verkefni og taka skriflegt próf á önninni. Ásamt því er vinna þeirra metin jafnt og þétt.



Í lok vetrar (á vorönn) fá nemendur eina einkunn sem er byggð á þessum þáttum auk námsmats vorannar. Verður sú einkunn gefin í bókstöfunum A-D samkvæmt aðalnámsskrá.

#### Símanotkun

Ekki er leyfilegt að nota síma í kennslustundum nema kennari taki annað fram.